


Námskrá 2 ára nemenda

Velkomin á Heiðarsel


Á Heiðarseli er unnið samkvæmt heilsustefnunni. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan nemenda með áherslu á hreyfingu, leik, næringu, málörvun og listsköpun í leik og starfi. Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námspáttum, daglegu lífi og leik nemandans. Dagleg umönnun felst í því að annast hvern nemanda líkamlega og andlega af hlýju, gleði, áhuga og ábyrgðarkennd.

Gefnar hafa verið út námskrár fyrir hvern aldur fyrir sig. Námskrárnar eru ætlaðar fyrir kennara og foreldra.



Daglegt líf leikskólans

Fataklefi



Hólf nemenda eru merkt með myndum af þeim sjálfum, nafni þeirra og tölustöfum. Þannig eiga nemendur auðveldara með að þekkja hólfíð sitt og geta þá frekar bjargað sér sjálfir eftir bestu getu. Nemendur eru hvattir til að ganga frá fötum sínum og reyna að klæða sig sjálfir en fá þá hjálp sem þeir þurfa. Fylgst er með því að klæðnaður nemenda sé í samræmi við veður og þess einnig gætt að hann hindri ekki hreyfingar þeirra í leik. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað í fatakassa sem geymdur er í leikskólanum. Það er hlutverk foreldra að fylgjast með hvort það vanti föt í kassann.

Markmið:

- Að nemandi læri að þekkja hólfíð sitt
- Að nemandi læri að þekkja heiti á fötum sínum
- Að nemandi læri smátt og smátt að klæða sig sjálfur

Leiðir:

- Kennarar aðstoða nemendur við að klæða sig, myndaspjöld eru í fataklefa sem sýna hvaða föt á að fara í hverju sinni
- Nemendum gefinn góður tími til að æfa sig að klæða sig sjálfir þegar það á við

Vinsamlegast munið að merkja fatnað og skó vel og athuga daglega hvort eitthvað vantar í fatakassann. Gangu þarf frá hólf barnsins á hverjum degi. Tæma þarf hólfín á föstudögum.

Útivera

Heiðarsel býr yfir góðu og stóru leiksvæði þar sem mögulegt er fyrir nemendur að hreyfa sig og finna viðfangsefni við hæfi. Samkvæmt heilsustefnu er lögð áhersla á að hver nemandi fari út minnst einu sinni á dag þegar veður leyfir.

Markmið:

- Að nemandi fái útrás fyrir hreyfipörf sína og auki jafnframt þrótt og styrk
- Að nemandi læri að þekkja umhverfi leikskólans og komist í snertingu við náttúruna



Leiðir:

- Vera með daglega útiveru
- Farið í frjálssa og skipulagða leiki
- Farið í gönguferðir um næsta nágrenni leikskólans

Hreinlætisvenjur

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu.

Markmið:

- Að nemandi læri almennar hreinlætisvenjur
- Að nemandi læri að halda sér hreinum og þurrum
- Að nemandi eflist í sjálfshjálp

Leiðir:

- Venja nemanda á að þvo sér um hendur eftir klósettferðir, fyrir máltíðir og eftir þörfum
- Kennari er til staðar og aðstoðar, þannig skapast öryggi hjá nemanda

Máltíðir



Lögð er áhersla á hollan mat í leikskólanum og er stuðst við fæðuhring Manneldisráðs Íslands í þeim efnum. Markmiðið er að hafa ekki unna kjötvöru og sem minnst af sykri og salti í fæðunni. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi þar sem leitast er eftir að skapa notalega stund, þá gefst einnig tækifæri til að ræða saman. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og biðja um hjálp kennara ef þörf þykir.

Í morgunmat og síðdegishressingu getur nemandi valið hvenær hann borðar innan þess tíma sem matartíminn stendur yfir. Nemandi tekur nafn sitt af spjaldi og setur í kórflu þegar hann sest til borðs.

Í hverjum fataklefa er upplýsingatafla þar sem hægt er að fylgjast með matseðli hvernar viku fyrir sig. Matseðil má einnig finna á heimasíðu leikskólans.

Markmið:

- Að nemandi læri að borða sjálfur
- Að nemandi læri að skammta sér hæfilega á diskinn
- Að nemandi læri að borða allan algengan mat
- Að nemandi læri að nota hnífapör
- Að nemandi temji sér góða borðsiði

Leiðir:

- Vera með hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum
- Nemendur eru hvattir til að smakka á öllum mat
- Nemendur nota hnífapör
- Kennarar kenna fallega borðsiði og eru fyrirmyndir

Hvíld:

Hvíld er afar mikilvæg í leikskóla. Allir yngstu nemendur leikskólans leggjast á dýnu og sofa/hvíla sig. Svefninn fer eftir þörfum hvers og eins. Nemendur mega koma með snuð eða annan tengihlut að heiman sem þeir geta haft í hvíldinni. Foreldrar sjá um að skipta/hreinsa reglulega snuð og aðra fylgihluti.

Markmið:

- Að nemandi slaki á og hvílist
- Að nemandi öðlist öryggiskennd og líði vel

Leiðir:

- Hver nemandi hefur sinn kotta og teppi og hvílist á dýnu með kennara sinn nálægt
- Hlusta á þægilega tónlist í hvíldinni

Frjáls leikur



Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, bæði sem kennsluáferð kennarans og námsleið nemandans. Hinn frjálsi leikur hefur verið kallaður "leikur leikjanna", þar sem nemandi fær að skapa leikinn úr eigin hugarheimi. Í frjálsum leik er ýmist boðið upp á eftirtalin leiksvæði: listakrók, leikstofu, leirkrók, byggingarkrók, spilakrók, bílakrók, stærðfræðikrók, frjálsan krók og sal (sjá skólanámskrá Heiðarsels). Nemendur geta valið sér leiksvæði en verða að taka tillit til fjölda nemenda á hverjum stað. Hvert svæði er merkt með mynd og nafni króksins auk leyfilegs fjölda nemenda.

Markmið:

- Að stuðla að frumkvæði og sjálfstæði nemenda
- Að auka úthald nemenda í leik
- Að auka félagsfærni og samleik
- Að auka hugmyndaflug nemenda og gefa þeim tækifæri til að prófa nýja hluti í gegnum leik

Leiðir:

- Boðið er upp á fjölbreytileg viðfangsefni sem hæfa þroska, áhuga og getu hvers og eins
- Búnaður og rými skólans er vel nýtt með því að hafa krókana á dreifðu leiksvæði
- Nemandi velur sér svæði og er hvattur til að standa við val sitt

Samverustundir/Ávaxtastundir

Á Heiðarseli er daglega samverustund í heimakrók deildarinnar. Nemendur og leikskólakennarar ræða saman, syngja og fræðast um nýja hluti, til dæmis er fjallað um hvaða dagur er í dag og hvernig veðrið er, á að fara í pollaföt eða í úlpu? Ávaxtastund er á hverjum degi, þá fá nemendur ávexti/grænmeti að borða þar sem heilsustefna leikskólans byggir á því að nemendur fái ákveðinn skammt úr þessum fæðuflokkum á hverjum degi.

Markmið:

- Að stuðla að alhliða námi
- Að eiga notalega stund saman
- Að nemendur læri að tjá sig og hlusta á aðra
- Að nemendur fái ávexti og grænmeti að borða



Leiðir:

- Sungið, sögur lesnar og farið í leiki
- Rætt um venjur, siði og veðrið
- Boðið upp á ávexti/grænmeti á hverjum degi og nemendur hvattir til að smakka

Skipulagt starf leikskólans

Skipulagt starf leikskólans samanstendur af hreyfingu og vinnustundum þar sem unnið er með málörvun, stærðfræði, tónlist, listsköpun og könnunarleik. Heiðargleði er einn föstudag í mánuði og á mánudagsmorgnum eru stuttar söngstundir þar sem allir nemendur leikskólans koma saman í salnum og syngja.



Hreyfing

Heiðarsel er heilsuleikskóli sem leggur mikla áherslu á hreyfingu í starfi sínu. Með skipulagðri hreyfingu eflist alhliða þroski nemenda og þeir öðlast betri líkamsvitund. Tveggja ára nemendur leikskólans fara í skipulagða hreyfingu tvisvar í viku þar sem íþróttافرæðingur sér um eflingu þroskapátta sem viðkoma hreyfiþroska hvers og eins. Í upphafi hvers skólaárs er sett fram skipulag fyrir hreyfingu, því er svo skipt í vikur og hver vika hefur svo sitt þema. Hver hreyfistund samanstendur af fjölbreyttum æfingum eins og hoppi, kasti, klifri, jafnvægi og hreyfingum sem æfa samhæfni. Frjáls leikur í sal er í boði einn dag í viku á ákveðnum tíms. Í maí/júní eru íþróttavikur þar sem hreyfingin er færð út. Einnig er mikið lagt upp úr því að nemendur fái að leika sér og hreyfa sig á útileiksvæði leikskólans.

Markmið:

- Að læra á umhverfið og fá útrás fyrir hreyfipörf
- Að efla hreyfiproska
- Að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan og gleði
- Að efla snerpu og þol
- Að nemendur læri að þekkja og skynja líkama sinn
- Æfa sig að fara eftir leikreglum og fyrirmælum

Leiðir:

- Boðið er upp á skipulagðar hreyfistundir tvisvar í viku yfir vetrartímamann
- Salurinn nýttur þegar kostur gefst
- Æfingarnar endurteknar þar til færni er náð
- Frjálssir og skipulagðir leikir á útisvæði
- Íþróttavikur í maí/júní
- Útivera á hverjum degi

Vinnustundir

Á Heiðarseli eru vinnustundir þar sem verkefnin eru miðuð við hvern aldurshóp og gerð er áætlun fyrir hvern mánuð út frá námssviðum Aðalnámskrár leikskóla. Nemandi er í sama hópi með sama kennaranum allan veturinn. Með þessu móti myndast góð tengsl á milli nemenda og kennara og nemendur öðlast aukna öryggiskennd. Markmið með vinnustundum er að nemendur vinni að sameiginlegu markmiði og þjálfari samskiptahæfni sína.

Listsköpun

Í listsköpun fá nemendur tækifæri til þess að skapa, þeir fá að vinna á eigin forsendum með þann efnivið sem hæfir hverju sinni. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun nemandans, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun.

Markmið:

- Að efla samhæfingu augna og handa
- Að þjálfra fínhræfingar
- Að nemendur kynnist ólíkum efnivið
- Að nemendur kynnist grunnlitunum

Leiðir:

- Nemendur fá að uppgötva og kynnast efnivið eins og vatnslitum og þekjulitum
- Nemendur æfa sig að halda á skriffærum og klippa með skærum
- Nemendur kynnast einnig óhefðbundnum efnivið eins og sandi og steinum



Málrækt

Málrækt er einn af áherslupáttum leikskólstarfsins og tengist inn á allt daglegt starf leikskólans. Nemendur fara í markvissa málörvunarstund einu sinni í viku þar sem lögð er áhersla á þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingu orðaforða og málskilnings. Í leikskólanum er Bókakoffort frá Bókasafni Reykjanesbæjar sem fer milli deilda yfir vetrartímann. Nemendur og foreldrar geta fengið lánaðar bækur heim úr koffortinu.

Markmið:

- Að nemendur kynnist einföldum barnabókum
- Að nemendur kynnist einföldum barnasöngvum, vísum og þulum
- Að auka orðaforða og málskilning

Leiðir:

- Farið er í einfalda leiki, hlustað á hljóð úr umhverfinu
- Sungið á hverjum degi

- Lesnar eru bækur og sagðar sögur
- Nemendur kynnast fyrsta bókstaf/hljóði í nafni sínu
- Unnið með bókstafi úr tré og stafakassa þar sem leikið er með bókstafi/hljóð
- Bókstafir/hljóð lögð inn í gegnum leik með öllum nemendum í leikskólanum
- Áhersla er lögð á virka hlustun nemenda auk þess sem þeir eru hvattir til að tjá sig

Stærðfræði

Stærðfræði fléttast inn í allt daglegt starf leikskólans eins og við matarborðið þar sem börnin finna út hvað þarf mörg hnífapör, diska og glös. Stærðfræði fer einnig fram í fataklefanum, í vinnustundum, söng og í frjálsum leik þar sem boðið er upp á stærðfræðikrök þar sem unnið er með Numicon kennslufni í stærðfræði og nokkrar gerðir af kubbum. Boðið er upp á tölustafi úr tré sem börnin geta leikið með og rannsakað. Byrjað er að kynna grunnhugtök eins og hringur, þríhyrningur og ferhyrningur og síðan er byggt ofan á þekkingu barnanna eftir því sem þau eldast og þroskast.

Könnunarleikur

Yngstu nemendur leikskólans fara í „Könnunarleik“ einu sinni í viku. Kennari raðar upp mismunandi hlutum á svæðið, jafnmarga hluti fyrir hvern nemanda. Þeir leika sér frjálst með efniviðinn sem er af ýmsum stærðum og gerðum, áferð og lögun. Könnunarleikjastund getur staðið í allt að 45 mínútur með tiltekt. Tiltektin er jafn mikilvægur tími og leiktíminn og er í raun framlenging á leiknum. Hópstjórinn stjórnar tiltektinni og hvetur nemendur, kennir þeim heiti hlutanna og notar hugtök til að örva málþroskann: “Náðu í dósina við hliðina á þér, finndu græna hólkin..” og svo framvegis. Hópstjórinn tekur ekki þátt í leiknum heldur skráir niður leik nemenda en grípur inn þegar það á við.

Markmið:

- Að nemandi fái tækifæri til að rannsaka og uppgötva
- Að leika með opinn efnivið
- Að efla og auðga leik yngstu nemenda
- Að kenna nemendum að flokka efniviðinn og taka saman

Leiðir:

- Nemendur fá fjölbreyttan og opinn efnivið
- Nemendur eru í litlum hópum á afmörkuðu svæði og fá að kanna á eigin forsendum

Tónlist

Tónlist er hluti af námi leikskólans. Nemendur fara í tónlistartíma einu sinni í viku yfir vetrartímann þar sem unnið er með grunnþætti tónlistar. Gildi tónlistar og tilgangur kennslunnar er að nemendur kynnist tónlist á jákvæðan hátt í gegnum leik og gleði.

Heiðargleði

Einu sinni í mánuði yfir vetrartímann er Heiðargleði á sal leikskólans. Deildirnar skiptast á að stjórna þessum stundum og útfæra eftir sínum áherslum hverju sinni.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann



